Kópavogur 14/6/22

Ósk um stækkun lóðar við Álfhólsveg 15

Við undirrituð óskum eftir og samþykkjum að lóð vestan megin verði stækkuð um rétt rúma 2m til vesturs, þ.e. á vesturhliðinni frá framhlið garðs og að stigapalli, en um tæpa 2m frá stigapalli að ruslatunnusvæði, einnig á vesturhlið (sjá myndir í fylgiskjali). Húsið og gatan liggja ekki alveg beint og því óþarfi að fá rúma tvo metra alla leið við neðri hlið húss þar sem það færi út á götu.

Ástæða umsóknar er að nauðsynlegt er að girða af svæðið þar sem töluvert ónæði er frá Catalinu (læti, komið inn í garðinn, þjófnaður úr garði o.fl) og mjög mikið rusl fýkur inn frá Hamraborginni. Þegar sótt var um leyfi fyrir því að girða kom í ljós að lóðarmörkin eru langt inn í garðsvæðið og eru það þétt upp við stigapall að nánast ómögulegt er að girða við stigapallinn nema á gangstígnum sjálfum. Báðir íbúar vestan megin stóðu í þeirri trú að svæðið tilheyrði allt lóðinni og hafa hirt garðinn hingað til. Aldrei hafa bæjarstarfsmenn verið við störf á svæðinu sem við óskum eftir að girða af. Kæmi girðingin á rétt lóðarmörk skv. lóðarmælingum núna væri í fyrsta lagi eftir rúmir 2m fyrir innan beð og trjálínu sem sennilegast bærinn hefði engin not fyrir og í öðru lagi færi girðing og hlið þá þvert yfir miðjan gangstíg að húsinu í stað þess að vera rétt við enda gangstígs sem virðist eðlilegra.

Aðkoma að húsi og ásýnd þess yrðu sérkennileg sé girt við núverandi lóðarmörk, sérstaklega nær framhlið hússins.

Elvar Ö. Stefánsson

Elvar Örn Stefánsson

Ellen Sif Sævarsdóttir

Ellen Sif Sævarsdóttir

Hallfríður Kristjánsd.

Hallfríður Kristjánsdóttir

Kristín Erna Hólmgeirsd

Kristín Erna Hólmgeirsdóttir

Guðfinnur Aðalsteinsson

f.h. Gröfur ehf

Skjal sótt af "0000000000" dags: 23.10.2026

Fylgiskjal

Lóðamörk

Óskum eftir að stækka að rauðu línunni





Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026



Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Fylgiskjal – fordæmi

Nýlega var gefið leyfi í Kópavogi að fara með umsókn í grenndrarkynningu vegna stækkunar lóðar um 1 metra.

Fordæmi er fyrir samþykki skipulags- og samgönguráðs í Reykjavík vegna stækkunar lóðar og þurfti ekki grenndarkynningu til þar sem breytingin varðaði ekki hagsmuni annarra en umsækjanda líkt og í okkar tilfelli.

Mál: 2204316 og 2204333

Reynigrund 65 og 67, kynning á byggingarleyfisumsókn.

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 8. apríl 2022 vegna umsóknar lóðarhafa um byggingarleyfi fyrir 64 m² bílgeymslu. Lóðarhafar Reynigrund 65 og 67 sækja um stækkun lóðar um 1,0 meter til suðurs.

Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Reynigrundar 45, 47, 49 og Víðigrundar 45.

Mál nr. SN180476

Brautarás 1-19, breyting á deiliskipulagi (04.37)

Lögð fram umsókn Smára Viðars Grétarssonar dags. 24. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Brautarási 19, lóðir nr. 1-19. Í breytingunni felst stækkun lóðar um 2m í átt að suð, suð-vesturs samkvæmt meðf. uppdrætti Apparat dags. 13. júní 2018. Meðfylgjandi er undirritun meðlóðarhafa við Brautarás 1-17.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026